


„Hestur á strönd“, 1927, eftir De Chirico, sem telja má einn helzta læriföður nýja ítalska málverksins.




„Cathexis“, 1981. Verk eftir konceptlistamanninn J. Kosuth.



„Staða tveggja 228,5 gráðu boga“, 1979. Eftir franska Conceptlistamanninn B. Benet.

gagnkvæmrar speglunar (sem er útskýrandi) milli hlutarins og textans hafa verkin oft verið gædd óskilgreindum víddum sem gera þau afar torskilin og í flestum tilfellum situr listamaðurinn einn að merkingu verksins. Við getum því ekki sagt að íslenskir conceptlistamenn hafi lagt sig fram við að gagnrýna hefðbundin formalisma eða fagurfræðilegt gildi Minimal listarinnar, eins og hinir hörðu erlendu listbræður þeirra. Og því miður nálgast þessi íslensku conceptverk oft að vera aðeins innantómur formalismi.

En hver skildi vera skýringin á þessari íslensku túlkun á Conceptlist. Eflaust er margt sem þar kemur til. En þó verður að hafa í huga að Conceptlistin er fræðileg list, sem fjallar um hugmyndir og ákveðna skilgreinda merkingu. Hér er því ekki lengur um það að ræða að ösla áfram með pensil og lit yfir léreftið og leyfa síðan áhorfendum að spá í myndflötinn, heldur verður listamaðurinn að raða saman á rökréttan hátt hugmyndum sem firrtar eru öllum upplifunarmætti. Það er því ljóst, að ef listamaðurinn ætlar að búa til frumleg verk verður hann að styðjast við þekkingu, sem gefur honum möguleika á ákveðnum hugmyndasamsetningum. Það er því sem íslenskir conceptlistamenn hafi ekki haft nægilega undirstöðumenntun til að framleiða raunveruleg con-



„Le baigneur“ frá árinu 1910 eftir Malevitch, — en gæti eins verið eftir einhvern af þeim, sem nú aðhyllast Nýja málverkið.

Málverkið hefur fengið uppreisn æru

ceptverk. Það er líkast því að þeir hafi kynnst Conceptlistinni aðeins á sjónrænan hátt og aldrei sett sig inn í gangverk hlutanna, sem oft endar eins og t.d. hjá listamanninum Kosuth í fræðilegum vangaveltum um tjáskipti, og möguleika og forsendur myndmálsins. Þá er það leitt að íslenskir heimspekingar eða aðrir vísindamenn sem unnið hafa að listsköpun, hafi ekki tileinkað sér þetta tjáningarform.

Það er annars mjög athyglisvert þegar litið er yfir íslenska listasögu hversu lítið við eigum af fræðilegum listamönnum, sem skrifa um verk sín og byggja þau á þekkingarlegri hugsun. Hér virðist það orðin hefð að listamaðurinn aðeins skoðar. Og það er aðeins í gegnum þessa sjónrænu reynslu sem hann öðlast mátt til að framleiða og skapa listaverk. Það ætti að vera ljóst að þessi „yfirborðslega“ skoðunaraðferð hlýtur að vera mun seinvirkari fyrir listamanninn til að ná fullum þroska heldur en fræðileg leit. Því það er, og hefur reyndar ávallt verið, hugmyndin bak við verkið sem skiptir megin máli en ekki handbragðið og hin efnislega útfærsla.

Íslenskir listamenn byggja því listaverk sín umfram allt á tilfinningalegri forsendu sem



Málverk eftir Þjóðverjann Kirchner frá 1913. Kirchner hefur haft djúptæk áhrif á nýja þýzka málverkið.